

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 22. ágúst 2018  
UST201807-144/R.K.  
08.12.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Frummatsskýrsla. Stækkan kjúklingabús að Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um fummtasskýrslu ofangreindrar framkvæmdar skv. 10. gr. laga nr. 106/2000 og 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdarlýsing**

Ráðgert er að stækka kjúklingabú úr 80.000 eldisrýmum í tveimur eldishúsum í 192.000 eldisrými í alls sex eldishúsum. Frummatsskýrsla leggur áherslu á þrjá megin umhverfisþætti; Næringsarefnainnihald og meðhöndlun hænsnaskíts, fráveita, lykt, vatn og vatnsvernd, landnotkun, sýkingarhætta, ásýnd, menningarminjar og samfélagsleg áhrif.

**Umhverfisáhrif**

Framkvæmdarsvæði framleiðsluaukningaráinnar er ræktað tún, skilgreint sem landbúnaðarland á skipulagi, og verður ekki hróflað við jarðvegi utan framkvæmdasvæðisins líkt og fram kemur í frummatsskýrslu.

**Meðhöndlun úrgangsefna**

Heildarmagn hænsnaskíts er áætlað um 1.210-1.480 tonn á ári og mun hauggeymsla að Hurðarbaki nægja til að geyma það magn hænsnaskíts sem safnast upp þá mánuði ársins þegar óheimilt er að dreifa skít. Ráðgert er að dreifa þessum húsdýraáburði framleiðslunnar á tún Hurðarbaks og nærliggjandi bæja skv. frummatsskýrslu. Auk Hurðarbaks eru það bæirnir Hóll, Eyri og Hlíðarfótur í Hvalfjarðarsveit. Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í frummatsskýrslu og í starfsreglum um góða búskaparhætti (2002) að ekki skal dreifa meira en 170 kg/N/ha/ári líkt og minnst er á í

frummatsskýrslu. Þar segir um ráðlagt magn dreifingar húsdýraáburðar á tún: „[...] telja má [tiltekna stærð skammta] eðlilega í þeim skilningi að þeim fylgir ekki hætta á umhverfismengun nema í sérstökum tilvikum. Þá er og líklegt að næringarefnin nýtist bærilega“ (bls. 10). Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreind áform um meðhöndlun úrgangs. Gæta skal þess að úrgangur sem dreift er á tún mengi ekki skurði eða læki. Gott væri einnig að fram kæmi í matsskýrslu framkvæmdar að haughús sé hannað á þann hátt að geymslan sé við góðar aðstæður og valdi ekki lykt eða losun.

### **Fráveita**

Fram kemur í frummatsskýrslu að tvö ný frárennsliskerfi verða sett upp fyrir hver tvö hús, þ.e. tvö kerfi fyrir viðbót fjögurra eldishúsa. Óljóst er hvort frárennsliskerfið, sem fyrir er fyrir tvö eldri eldishúsin, verði einnig endurnýjað. Lítil fráveita er frá starfseminni á eldistíma en húsin eru þrifin að meðaltali átta sinnum á ári og þarf hvert hús 6.000-10.000 L af vatni við þrif. Að hámarki ætti því alls að vera nýtt 480.000 L (60.000\*8) af vatni við þrif á eldhúsum á ári. Í því vatni er ryk, skítur og hreinsiefni. Umhverfisstofnun bendir á að hreinsiefni einkum sótthreinsiefni, sem berast í rotþrær (settanka) með frárennsli, geta dregið úr gerjun og rotnun í rotþróum ef um ótæpilegt magn af efnunum er að ræða og þynning ekki nægileg. Þarf að huga að þessu við val á gerð og magni hreinsiefnum sem nýtt er.

Umhverfisstofnun minnir á að vöktun fráveitu er framkvæmd af heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

### **Lykt og fjarlægðarmörk**

Lyktarmengun getur verið mikil frá kjúklingabúum og eru aðferðir í nýútgefnu BAT niðurstöðu-skjali til að takmarka hana. Sem mótvægisáðgerð gegn lyktarmengun er nefnt öflugt vélrænt loftræstikerfi í hænsnahúsum í frummatsskýrslu. Þá er einnig nefnt að þurr undirburður dragi úr lykt og að húsin séu í löglegri fjarlægð frá næstu byggð. Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldhús alifugla, loðdýra og svína má lágmarksfjarlægð að mannabústöðum, útvistarsvæðum, vinnustöðum eða svæðum sem hafa verið afmörkuð fyrir framangreinda notkun í aðalskipulagi eða með byggingarreitum í deiliskipulagi ekki vera minni en 100 metra fyrir bú ætluð fyrir fleiri en 85.000 stæði fyrir kjúklinga líkt og fram kemur í frummatsskýrslu (bls. 45). Í reglugerð nr. 518/2015, um hollustuhætti segir: „*Hæfileg fjarlægð skal vera á milli mannabústaða og matvælafyrirtækja annars vegar og mengandi atvinnustarfsemi og annarri starfsemi sem valdið getur óþægindum hins vegar. Þar sem kveðið er á um fjarlægðarmörk í öðrum reglugerðum eða i skipulagi skal taka tillit til þeirra marka*“. Skv. frummatsskýrslu er kjúklingabúið að Hurðarbaki í 230 metra frá íbúðarhúsum bæjarins og eru næstu bæjur í 1-3 km fjarlægð. Fram kemur í frummatsskýrslu að mótvægisáðgerðum til að lágmarka lyktarmengun frá búinu verði beitt skv. BAT og tekur Umhverfisstofnun það fram að í nýju starfsleyfi verða ákvæði í samræmi við bestu aðgengilegu tækni.

### Vatnsvernd og vernduð svæði

Skv. deiliskipulagi er um 150 metra fjarlægð frá mörkum kjúklingabúsins og næstu vatnsbóla til suðausturs við Miðfellsmúla. Engin vatnsvernd er innan svæðisins og gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreint.

Fráveita frá kjúklingabúinu að Hurðarbaki kann að hafa áhrif á Laxá skv. frummatsskýrslu (bls. 39). Ekki er fjallað um möguleg áhrif stækkunar kjúklingabúsins að Hurðarbaki á verndarsvæði í nágrenni starfseminnar. Umhverfisstofnun bendir á að Grunnafjörður er friðlýst svæði (friðland). Er fjörðurinn, 1393,2 hektarar, verndaður vegna landslags og lífríki svæðisins, sér í lagi fuglalíf sem er mjög auðugt. Árið 1996 var svæðið samþykkt sem Ramsarsvæði. Svæðið hefur því verið verndað samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi. Fjörðurinn er eina Ramsar svæðið á Íslandi sem liggur að sjó. Stærð Ramsarsvæðisins er u.p.b 1470 hektarar. Þar með er nauðsynlegt að sýna aðgát hvað varðar fráveitu og dreifingu næringarefna vegna áhrifa frá starfseminni sem kunna að hafa áhrif á fjörðinn að mati Umhverfisstofnunar. Friðlandið er í um 5 km fjarlægð frá deiliskipulagsmörkum Hurðarbaks og rennur Laxá í fjörðinn. Fram kemur í frummatsskýrslu að framkvæmdaraðila ber að vakta Laxá tvisvar á ári, m.t.t. næringarefna og ofauðgunar, og mun ákvæði um slíka vöktun einnig vera í starfsleyfi rekstraraðila vegna stækkunar.

### Ásýnd

Fram kemur í frummatsskýrslu að gert sé ráð fyrir jarðvegsmön til að veita skjól og draga úr áhrifum framkvæmdar á ásýnd svæðis. Umhverfisstofnun telur áhrif fyrirhugaðra áformá framleiðsluaukningar á ásýnd svæðis óveruleg m.t.t. núverandi nýtingar landsvæðis.

### Annað

Í frummatsskýrslu kemur fram að bestu fáanlegu (aðgengilegu) tækni (BAT) verði fylgt hverju sinni við starfsemina sem Umhverfisstofnun telur jákvætt. Stofnunin bendir á að nýtt BAT skjal var gefið út af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á síðasta ári. Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi stofnunarinnar við aukinni framleiðslu verða ákvæði í samræmi við nýútgefið BAT (2017). Þá má nefna ákvæði um aðferðir við dreifingu húsdýraáburðar þauleldis kjúklinga, í þeim tilgangi að lágmarka áhrif dreifingar á umhverfið og á næstu nágranna kjúklingabúsins vegna lyktarmengunar.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að viðbót framleiðslu í 192.000 stæða eldi sé umtalsverð stækkun og því mikilvægt að vel sé staðið af mótvægisáðgerðum til að takmarka umhverfisáhrif, líkt og fjallað er um í frummatsskýrslu, þá einkum við lágmörkun á lyktarmengun frá starfseminni og meðferð búfjáráburðar. Umhverfisstofnun telur að nægilega vel sé fjallað um ofangreinda umhverfisþætti í frummatsskýrslu framkvæmdar. Áhrif framkvæmdaraukningar á alla umhverfisþætti sem fjallað er um í frummatsskýrslu eru metin óveruleg í frummatsskýrslu. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við þá niðurstöðu líkt og henni er lýst í frummatsskýrslu framkvæmdar. Helsti umhverfisþáttur rekstursins sem kemur til með að hafa mest áhrif á nærliggjandi svæði að mati Umhverfisstofnunar. Aðferðir til að

takmarka lyktarmengun verða í starfsleyfi starfseminnar í samræmi við BAT (2017) þauleldis kjúklinga til að lágmarka umhverfisáhrif og óþægindi fyrir næstu nágranna. Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi vöktunar fráveitu í Laxá sem kann að hafa áhrif á friðland Gunnafjarðar.

Umhverfisstofnun minnir á að sækja þurfi um starfsleyfi hjá stofnuninni vegna stækkunar kjúklingabúsins að Hurðarbaki. Stofnunin gerir ekki fleiri athugsemdir við frummats-skýrslu framkvæmdar.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sigurður Ingason  
Sérfræðingur